



Umhverfis- og auðlindaráðuneytið
Skuggasundi 1
101 Reykjavík

Reykjavík, 18. september 2020
Tilvísun: 202009-0027

Efni: Aðgerðaáætlun í loftlagsmálum til 2030

Helstu áhersluatriði ASÍ:

- Alþýðusamband Íslands lýsir yfir almennri ánægju með vinnu á vegum stjórnvalda vegna aðgerða í loftlagsmálum og fagnar áformum um eftirfylgni.
- Alþýðusamband Íslands fagnar því að fylgt verði hugmyndafræði *Réttláttra umskipta*.
- Alþýðusamband Íslands gagnrýnir að ekki hafi verið tekið tilliti til ábendinga um mikilvægi mótvægisaðgerða og fjármögnunar þeirra.
- Alþýðusamband Íslands telur að leggja beri þyngrri áherslu, en fram kemur í aðgerðaráætluninni, á hraðari uppbyggingu almenningsgangna.

Umfjöllun:

Vísað er til aðgerðaáætlunar íslenskra stjórnvalda til að stuðla að samdrætti í losun gróðurhúsalofttegunda til 2030 og uppfylli skuldbindingar sínar í loftlagsmálum sem er til umsagnar í samráðsgátt stjórnvalda mál nr. 119/2020.

Loftslagsbreytingar af mannavöldum er ein stærsta áskorun samtímans og hefur þegar haft víðtæk áhrif á efnahags- og atvinnulíf, líf skjör og afkomu almennings um allan heim. Ísland hefur skuldbundið sig að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda til að draga úr hnattrænni hlýnun. Þær skuldbindingar munu óhjákvæmilega hafa áhrif á vinnumarkaðinn. Skuldbindingarnar verða ekki uppfylltar án kostnaðar en að sama skapi er fórnarkostnaður aðgerðarleysis langtum meiri. Umbreytingar þessu tengdar fela í sér tækifæri til jákvæðra samfélagsbreytinga, en ef ekkert verður að gert geta breytingarnar haft neikvæð áhrif á samfélagið.

Alþýðusamband Íslands lýsir yfir almennri ánægju með þá vinnu sem unnin hefur verið við heildarendurskoðun aðgerða frá fyrri útgáfu áætlunarinnar sem kom út haustið 2018. Aðgerðaráætlunin er aðgengileg aflestrar, þar sem skýringamyndir eru margar og grafísk framsetning með ágætum sem ætti að gera almenningi auðveldara að kynna sér efni og markmið einstakra aðgerða til að vera það aðhald sem nauðsynlegt er stjórnvöldum. Aðgerðir í loftlagsmálum hafa ekki eingöngu áhrif á fyrirtæki og stofnanir heldur og ekki síður á heimilin, einstaklinga og hagsæld almennings almennt.

ASÍ á fulltrúa í Loftslagsráði og er eitt af hlutverkum ráðsins að rýna og gefa álit á Aðgerðaáætlun stjórnvalda í loftlagsmálum. Þar hafði verkalýðshreyfingin tækifæri á að koma með ábendingar á undirbúningsstigi áætlunarinnar um atriði sem hreyfingin taldi ekki nægjanlega skýr, jafnvel vanta og tengjast áherslum hreyfingarinnar í loftslagsmálum. Hér er sérstaklega átt við áherslur verkalýðshreyfingarinnar á *Réttlát umskipti*.

Alþjóðlega verkalýðshreyfingin hefur þróað ramma utan um samfélagsbreytingar næstu ára undir yfirskriftinni *Réttlát umskipti*. Markmiðið er að tryggja réttindi og lífsviðurværi fólks í gegnum breytingar á atvinnu- og lífnaðarháttum vegna loftslagsbreytinga, samhliða því að tekist er á við breytingar á skipulagi vinnunnar vegna nýrrar tækni og tækniþróunar. Grunnstefið í *Réttlátum umskiptum* er að breytingarnar þurfi að vera réttlátar gagnvart launafólki, ekki síst í þeim atvinnugreinum sem munu gjörbreytast eða jafnvel hverfa í tengslum við tækniþróun og aðgerða gegn loftslagsbreytingum.

Hugmyndafærði *Réttláttra umskipta* gerir ráð fyrir því að stjórnvöld og aðilar vinnumarkaðarins séu leiðandi í að móta breytingar á samfélaginu með það að markmiði að tryggja víðtæka samstöðu um leiðir til að mæta áskorunum 21. aldarinnar. Í því felst meðal annars að greina áhrif aðgerða á mismunandi samfélagshópa og tryggja að þær komi ekki sérstaklega niður á ákveðnum hópum og verði ekki til þess að auka á ójöfnuð. Í þeim tilfellum þar sem hætta er á að ákveðnir hópar verði illa úti vegna breytinga sé gripið til mótvægisáðgerða.

ASÍ fagnar því að í aðgerðaáætlun í loftlagsmálum til ársins 2030 er í 7. kafla: Eftirfylgni – hvað gerist næst?, kveðið á um viðamikla eftirfylgni með framgangi aðgerða. Þar er sérstaklega tekið fram að aðgerðir í loftlagsmálum þurfa að miða samhliða að auknu jafnrétti og jöfnuði, en ekki verða til þess að auka á misrétti og að *Réttlát umskipti* þurfa að eiga sér stað. Einnig fagnar sambandið því að við kostnaðar- og ábatagreiningar aðgerða verði félagslegt réttlæti haft að leiðarljós, þannig að áætlunin verði rýnd með tilliti til áhrifa á mismunandi tekjuhópa.

Sambandið gagnrýnir þó að ekki sé tekið tillit til ábendinga sem fram komu hjá fulltrúa ASÍ í Loftslagsráði að mikilvægt væri við greiningu á áhrifum aðgerða á stöðu mismunandi tekjuhópa að tryggja mótvægisáðgerðir ef þess þarf og þá um leið að tryggja þeim fjármagn. Kallar sambandið eftir því að mótvægisáðgerðir og fjármögnun þeirra verði tryggt í aðgerðaráætluninni.

Megináhersla aðgerðaáætlunarinnar varðandi losun gróðurhúsalofttegunda er á losun frá vegasamgöngum. Markmið stjórnvalda er allt að 21% samdráttur í þeirri losun. Til þess að ná því markmiði eru settur fram tugur aðgerða til að stuðla að breyttum ferðavenjum og orkuskiptum í vegasamgöngum. Í uppleggi stjórnvalda eru ýmsar ívilnanir miðaðar að því að einstaklingurinn breyti hegðun sinni, s.s. með kaupum á orkuvænum bifreiðum. ASÍ telur mikilvægt og í anda *Réttláttra umskipta* að leggja ríkari áherslu, en fram kemur í aðgerðaráætluninni, á hraðari uppbyggingu almenningssamgangna.

Þó svo að heimsfaraldurinn COVID-19 hafi haft þau áhrif að dregið hefur úr loftmengun um allan heim, eru þau áhrif tímabundin. Neikvæð áhrif loftslagsbreytinga af mannavöldum fyrir komandi kynslóðir eru uggvænleg og næstu ár skipta sköpum í viðbrögðum ríkja við loftslagsbreytingum og afleiðingum þeirra. Áætlun stjórnvalda gerir ráð fyrir allt að 40% samdrætti ef útfærðar verða aðgerðir í lykilatvinnugreinum landsins; sjávarútvegi og landbúnaði. Það er göfugt markmið, en umræður á alþjóðavettvangi eru þegar hafnar um 50-55% samdrátt í losun fyrir 2030 og eiga íslensk stjórnvöld að auka metnað sinn til ná þeim markmiðum.

Ísland er ríkt af náttúruauðlindum, hagkvæm og sjálfbær nýting og verndun þeirra er hornsteinn að öflugu og fjölbreyttu atvinnulífi.

Alþýðusamband Íslands áskilur sér rétt til að fylgja málum eftir og halda sjónarmiðum sambandsins á lofti við þinglega meðferð málsins.

Virðingarfyllst,
f.h. Alþýðusambands Íslands



Marianna Traustadóttir,
sérfræðingur